

Tekju- og skattaskrifstofa fjármálaráðuneytisins

10. desember 2010

Athugasemdir við Fylgiskjal 1 frá Samtökum atvinnulífsins, 26. nóv. 2010: Áætlun um skatttekjur ríkissjóðs árið 2010 skv. fjárlögum 2010 og fjárlagafrumvarpi 2011

Hér er nokkuð óvenjuleg útleiðsla á ferð. Fyrst er skoðað hver áætlun breyting tekna ríkissjóðs milli áráanna 2009 og 2010 var í fjárlögum ársins 2010. Síðan er skoðað hver breytingin milli sömu ára er orðin í áætlunum frumvarpa haustsins 2010. Þá kemur í ljós að í öllum tekjuflokkum nema einum var "ofmat", þ.e. aukningin milli ára minni en áætlað hafði verið í fjárlögum 2010. Munar þar alls 26,4 ma.kr. (sjá töflu). Þetta "ofmat" á sér að langmestu leyti eina skýringu.

	des.09			okt.10			Ofmat	
	Áætlun	Fjárlög	Munur	RR	Áætlun	Munur	ma.kr.	%
	2009	2010		2009	2010			
Skattar á einstaklinga	103,5	123,8	20,3	110,0	117,0	7,1	13,3	50,3
Tekjusk								
einstaklinga	84,9	100,3	15,4	88,6	95,2	6,6	8,8	33,4
Fjmtsk einstaklinga	18,6	23,5	4,9	21,3	21,8	0,5	4,4	16,8
Skattar á lögaðila	20,8	17,7	-3,1	31,1	17,7	-13,4	10,3	39,1
Tryggingagjald	40,7	60,7	19,9	44,8	62,3	17,6	2,4	8,9
Eignarskattar	4,8	8,1	3,3	5,3	8,2	2,9	0,4	1,5
Virðisaukaskattur	119,6	124,7	5,1	121,3	126,9	5,7	-0,5	-2,1
Aðrir skattar	69,1	79,6	10,5	72,7	82,7	9,9	0,6	2,3
	358,6	414,6	56,1	385,1	414,8	29,7	26,4	100,0

Eins og sést í töflu SA er áætlun um árið 2010 nánast óbreytt milli fjárlaga og fjárlagafrumvarps. Allt "ofmatið" liggur því í uppgjöri ársins 2009 enda voru tekjuskattar á einstaklinga og lögaðila mun hærri í ríkisreikningi 2009 en í fjárlögum 2009. Hið sama gildir um tryggingagjald. Í stað þess að tekjur ykjust um 56,1 ma.kr. milli áráanna er nú talið að aukningin verði 29,7 ma.kr. Af þessu "ofmati" liggur 89% í tekjusköttum og 9% í tryggingargjaldi. "Ofmatið" er aðeins 1-2% í flokkunum eignarskattar, virðisaukaskattur og aðrir skattar, en þeir flokkar eru samanlagt með 52% af skatttekjunum árið 2009. "Ofmatið" er því bundið við fáa en stóra skatta. Skýringin er einnig að langmestu leyti aðeins ein, þ.e. aðferðafræði við tekjuuppgjör þessara tilteknu skatta í ríkisreikningi (RR).

Meginskýring þess að tekjuskattar voru hærri í RR en fjárlögum ársins 2009 er sú að í áætlun fjárlaga var reiknað með minni tekjufærslu og jafnframt minni niðurfærslu hennar (afskrift skatttekna á útgjaldahlíð) heldur en raun varð á við uppgjörið. Niðurfærsla tekjuskatta jókst þannig úr 6,2 ma.kr. árið 2008 í 18,9 ma.kr. árið 2009. Tekjufærslan endurspegladist í niðurfærslu tekna og því leiddi þessi munur ekki til verulegs fráviks í afkomu ríkissjóðs milli fjárlaga og RR. Afleiðingin varð sú að bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs urðu meiri en ella.

Í uppfærðri áætlun fyrir árið 2010 er hins vegar gert ráð fyrir því að við uppgjör ársins verði tekjufærsla og niðurfærsla minni hluti af frumálagningu tekjuskatta, heldur en var á árinu 2009. Er þar m.a. höfð hliðsjón af þeirri skoðun Ríkisendurskoðunar sem kemur fram á bls. 28 í skýrslu hennar til Alþingis, Endurskoðun ríkisreiknings 2009 (útg. 6. des. sl.), að hætt kunnir að vera við því að tekjur ríkissjóðs af sköttum á tekjur og hagnað séu ofmetnar vegna skorts á aðgreiningu milli þess hluta álagningar sem er byggður á framtölum annars vegar og áætlunum hins vegar. Að stórum hluta byggist "ofmatið" í töflu SA á þeirri skekkju sem þetta veldur, því ef gert væri ráð

fyrir því í áætlun fjáráukalaga 2010 að jafnmikill hluti frumálagðs tekjuskatts lögaðila 2010 yrði tekjufærður í ríkisreikningi og gert var árið 2009 þá myndi mismunurinn á seinni tímamarknum aukast og nálgast þann mun sem var í upphafi, og “ofmatið” minnka samsvarandi.

Hér kemur í lokin til nánari glöggvunar útskýring á áætlun fjáráukalaga 2009 um tekjur af tekjuskatti lögaðila og einstaklinga:

Óvenju erfitt var um vik að áætla tekjuskatt lögaðila af hagnaði ársins 2008. Þegar upplýsingar lágu fyrir um álagningu RSK í október árið 2009, og marktækar vísbendingar um innheimtu hennar um mánuði síðar, var áætlun fjáráukalaga gerð. Þar var áætlað að tekjurnar á greiðslugrunni yrðu 15,6 ma.kr. en niðurstaðan varð síðan 17,5 ma.kr. Jafnframt var áætlað að bókfærðar tekjur á rekstrargrunni yrðu 133% af greiðslugrunni, en meðaltal 11 ára tímabilsins á undan, eða frá upptöku fjárreiðulaga, var 118%, og hafði áður hæst orðið 135% á árinu 2008 en næsthæst 130% á árinu 2002. Það var því reiknað með því að bókfærðar tekjur sem hlutfall af innheimtum tekjum yrðu miklar, og meiri en nokkru sinni áður að árinu 2008 undanskildu. Ekki var reiknað með þeirri sögulegu niðurstöðu sem varð í ríkisreikningi, þar sem bókfærðar tekjur voru 178% af innheimtum tekjum. Hið sama gildir um tekjuskatt einstaklinga, nema hvað þar er miklu minna um áætlanir í álagningu og frávik af þeim völdum því minna. Tekjuskattur einstaklinga í ríkisreikningi sem hlutfall af álagningu RSK á sama tekjuári var mjög mikill árin 2008-2009 eða yfir 100% bæði árin, sem hefur ekki gerst áður.